Klömbrum: Sit eg og syrgi; Jónas Hallgrímsson: Ísland, Gunnarshólmi, Ferðalok, Annes og eyjar (Ólafsvíkurenni, Hornbjarg, Drangey, Efst á Arnarvatnshæðum); – hraðlesið úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar: Miklabæjar-Solveig, Galdra-Loftur, Giltrutt, Kirkjusmiðurinn á Reyni; Grímur Thomsen: Ólag, Haustvísa, Endurminningin; Steingrímur Thorsteinsson: Vorhvöt; Matthías Jochumsson: Sorg, úr Bragarbót; Júlíana Jónsdóttir: Við dúnhreinsun; Kristján Jónsson: Dettifoss; Torfhildur Hólm: Selurinn (hraðlesið); Gestur Pálsson: Betlikerlingin, Hans Vöggur; Einar Kvaran: Vonir; Stephan G. Stephansson: Jón hrak; Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum: Sólstöðupula; Þorsteinn Erlingsson: Arfurinn; Hannes Hafstein: Stormur.– Nemendur fluttu fyrirlestra um fyrrnefnda höfunda frá 18. og 19. öld í tímum. Einnig skrifuðu nemendur heimaritgerð.

Á vormisseri lásu nemendur Galdra-Loft eftir Jóhann Sigurjónsson og unnu verkefni í tengslum við lesturinn. – Lesin var öll bókin Sögur, ljóð og líf eftir Heimi Pálsson og samsvarandi kaflar um bókmenntastefnur í Orminum langa og í fjölríti. – Þá var lesin Íslandsklukkan, allt verkið, eftir Halldór Laxness og nemendur unnu verkefni í tengslum við lesturinn og fluttu fyrirlestra. – Enn fremur voru lesin eftirfarandi ljóð eftir höfunda frá 20. öld: Einar Benediktsson: úr Einræðum Starkaðar; Jóhann Sigurjónsson: Bikarinn, Sorg; Stefán frá Hvítadal: Hún kyssti mig; Hulda: Ljáðu mér vængi; Davíð Stefánsson: Óráð; Tómas Guðmundsson: Frá liðnu vori; Jóhann Jónsson: Söknuður; Steinn Steinarr: Utan hringins, Í kirkjugarði; Jóhannes úr Kötlum: Morgunsöngur; Guðmundur Böðvarsson: Rauði steinninn; Jón Helgason: Í vorþeynum; Snorri Hjartarson: Að kvöldi, Ég heyrði þau nálgast; Jón úr Vör: Vetrardagur; Stefán Hörður Grímsson: Svartálfadans; Hannes Pétursson: Kóperníkus; Þorsteinn frá Hamri: Jórvík; Matthías Johannessen: Mort du roi du rock, Elvis Presley; Vilborg Dagbjartsdóttir: Skref; Nína Björk Árnadóttir: Föstumessa; Ingibjörg Haraldsdóttir: Öryggi. – Nemendur völdu sér einhvern fyrrnefndra höfunda og túlkuðu í fyrirlestri ljóð eftir þá. – Einnig voru eftirfarandi smásögur lesnar úr smásagnasafninu Stjörnunum í Konstantínópel: Ólafur Jóhann Sigurðsson: Stjörnurnar í Konstantínópel; Halldór Stefánsson: Sori í bráðinu; Ásta Sigurðardóttir: Í hvaða vagni?; Svava Jakobsdóttir: Kona með spegil; Þórarinn Eldjárn: Tilbury; Einar Káason: Glataður sonur; Kristín Ómarsdóttir: Lögregluþjónninn; Gyrðir Elíasson: Frá Snæfellsnesi. – Nemendur völdu sér sögu eftir einhvern fyrrnefndra höfunda og túlkuðu sögurnar í fyrirlestri.

Danska

3. bekkur: Á málabraut var lesin Top 10, lesbók eftir Brynhildi Ragnarsdóttur og Kirsten Friðriksdóttur, útgefandi Mál og menning, en á náttúrufræðibraut var lesin Dansk er mange ting, lesbók eftir Hafðísi E. Ingvarsdóttur og Kirsten Friðriksdóttur. Á báðum brautum voru leskaflarnir lesnir og þýddir eða ræddir og útskýrðir á dönsku og áhersla var lögð á framburð, orðaforða og málnotkun. Unnin voru flest skrifleg verkefni með lesköflunum, ásamt völdum hlustunarverkefnum.

Málfræðiyfirferðin byggðist einkum á bókinni Sådan siger man eftir Hafðísi E. Ingvarsdóttur og Kirsten Friðriksdóttur, og var sama bók notuð á báðum brautum. Ítarlega var farið í allar málfræðireglur, svo og í beygingu sterkra og óreglulegra sagna. Öll verkefni bókarinnar voru unnin og yfirfarin.

Þá var lesið heftið Noveller og Gruk, dansk litteratur for III klasse, ljósrít MR. Heftið inniheldur smásögur eftir ýmsa danska höfunda, ásamt nokkrum vísum (gruk) eftir Piet Hein. Efnið var lesið og útskýrt og rætt á dönsku. Alls voru lesnar 11 smásögur á málabraut, eða um 75 bls. og nokkru fleiri á náttúrufræðibraut eða 14 smásögur, alls 85 bls.

Hver nemandi las eina skáldsögu á hvoru misseri af eftirfarandi kjörbókalista: Én, to, tre, höfundur Jesper Wung Sung, Hvid sommer, höf. Elisabeth Schulz, Pigen der vidste for meget, höf. Elisabeth Schulz, og Til sommer, höf. Hanne-Vibeke Holst. Nemendur lásu bækurnar á eigin spýtur og tóku próf hver í sinni bók að lestrinum loknum.

Á málabraut var á haustmisseri lesin skáldsagan Andrea elsker mig eftir Niels Rohleder en skáldsagan Min ven Thomas eftir Hanne-Vibeke Holst var lesin á báðum brautum á vormisseri.

Nemendur lásu bækurnar heima en efni þeirra var síðan rætt og útskýrt á dönsku í tímum. Unnin voru ýmis einstaklings- og hópverkefni í tengslum við lesturinn, bæði í tímum og sem heimaverkefni.

Mjög var hvatt til þess að nemendur notuðu sem fjölbreyttastar orðabækur við heimanám en megináhersla var á notkun dansk-danskra orðabóka. Mælt var sérstaklega með orðabókum Politiken, Retskrivnings og betydningsordbog og NUDANSK ordbog og þær kynntar. Heimilt var að nota dansk-danskar orðabækur í flestum æfingum og skyndiprófum.

Sýndar voru fjórar kvikmyndir á málabraut, Drømmen, Midsommer, Den grimme ælling og mig og Terkel i knibe. Á náttúrufræðibraut voru sýndar þrjár kvikmyndir, Midsommer, Tro, håb og kærlighed og Drømmen. Um kvikmyndirnar var ýmist fjallað munnlega eða skriflega. Á báðum brautum voru þrjú formleg skyndipróf á hvoru misseri en auk þeirra heimastílar og önnur verkefni, skrifleg og munnleg a.m.k. vikulega. Nemendur unnu tvö ferlisverkefni í hópvinnu (projekt) í tölvustofu og kynntu þau munnlega. Verkefnin voru metin til einkunnar í munnlegri færni í dönsku.

4. bekkur: Fjórdi bekkur er lokaár í dönsku í MR og henni lýkur með stúdentsprófi að vori. Tekinn upp þráðurinn frá 3. bekk og lokið við lesbækurnar, þannig að á málabraut var unnið áfram með Top 10, lesbók með verkefnum eftir Brynhildi Önnu Ragnarsdóttur og Kirsten Friðriksdóttur en á náttúrufræðibraut Dansk er mange ting, lesbók, verkefnabók eftir Brynhildi A. Ragnarsdóttur og Kirsten Friðriksdóttur. Leskaflarnir voru lesnir og þýddir eða ræddir og útskýrðir á dönsku. Áhersla var lögð á framburð, orðaforða og málnotkun. Flest skrifleg verkefni voru unnin ásamt völdum hlustunarverkefnum. Til áframhaldandi þjálfunar í málfræði og málnotkun var á báðum brautum notað heftið Forskellige øvelser i dansk grammatik, 4. klasse, ljósrit MR, ásamt ýmsum ljósrituðum æfingum og stílum. Skriflegar tímaæfingar voru vikulega.

Farið var í 11-12 smásögur yfir veturinn á báðum brautum, annars vegar úr Et Vintereventyr - danske noveller og digte í samantekt Ágústu Gunnarsdóttur og hins vegar úr Efterfølgeren, ljósriti MR. Prófað var skriflega úr smásögunum á jólaþrófi en á munnlega hluta stúdentsprófsins voru smásögurnar meginefnið. Hver nemandi las eina skáldsögu á hvoru misseri af eftirfarandi kjörbókalista: Det forsømte forår eftir Hans Scherfig, Farlige følelser eftir Gretelise Holm, Hjertets renhed eftir Hanne-Vibeke Holst og Stikker eftir Steen Langstrup. Um var að ræða sjálfstæðan lestur og nemendur tóku próf í lokin eða skrifuðu ritgerð.

Á málabraut var einnig farið yfir tvær skáldsögur til viðbótar, Rend mig i traditionerne eftir Leif Panduro og Babettes gæstebud eftir Karen Blixen. Til undirbúnings lestri skáldsagnanna var nokkuð ítarleg umfjöllun um höfunda og tilurð bókanna og þurftu nemendur bæði að lesa sér til um og vinna skrifleg verkefni. Nemendur lásu bækurnar heima og voru þær síðan útskýrðar og ræddar á dönsku í tímum.

Að venju var nemendum kynnt hvernig þeir geta notað dönskukunnáttu sína til skilnings á norsku og sænsku. Á málabraut voru farið yfir norskar og sænskar greinar í Top 10 og á báðum brautum var sýnd norska kvikmyndin Elling. – Aðrar kvikmyndir voru Brødre á báðum brautum og Babettes gæstebud og Elsker dig for evigt á málabraut. Eins og í 3. bekk var áhersla lögð á að nemendur notuðu orðabækur sem mest. Mælt var sérstaklega með orðabókum Politiken, Retskrivnings og betydningsordbog og NUDANSK ordbog og þær kynntar. Heimilt var að nota dansk-danskar orðabækur í flestum æfingum og skyndiprófum og hvatt til notkunar allra tegunda orðabóka við heimavinnu.

Skyndipróf eða önnur verkefni, sem námseinkunn byggist m.a. á, voru mánaðarlega á báðum brautum. Haldnir voru fyrirlestrar sem byggðust á ferlisverkefnum í tölvustofu og auk þess voru reglulega haldnar skriflegar tímaæfingar.

Enska

3. bekkur málabrautar: Enskir leskaflar fyrir 3. bekk málabrautar (fjölrit MR, 2007): Kaflar 1-41 vandlega lesnir til orðskýringa. – Grammar Practice for Upper Intermediate Students (Longman): Æfingar 1-46 og óreglulegar sagnir (ljósrit). – Basic English Usage (OUP): Handbók notuð við ritun. – Enskar smásögur (Fjölrit MR, 2007): Sögur 1-14 lesnar efnislega. – Skáldsagan *Of Mice and Men* (John Steinbeck) lesin efnislega á fyrri misseri og *The Hobbit* (J.R.R. Tolkien) lesin efnislega á síðara misseri. – Stílar eða aðrar skriflegar æfingar voru vikulega. Ritgerðarsmíð kennd og formið five-paragraph essay æft. Nemendur fluttu erindi.

3. bekkur náttúrufræðibrautar: Enskir leskaflar handa 3. bekk náttúrufræðibrautar (fjölrit MR, 2007): Kaflar 1-37 vandlega lesnir til orðskýringa. – English Grammar in Use (CUP): aflar 1-46, 49-52, 69-94 og óreglulegar sagnir (ljósrit). – Enskar smásögur (Fjölrit MR, 2007): Sögur 1-14 lesnar efnislega. – Skáldsagan *The Hobbit* (J.R.R. Tolkien) lesin efnislega á síðara misseri. – Stílar og önnur skrifleg verkefni gerð reglulega. – Ritgerðarsmíð kennd og formið five-paragraph essay æft. Nemendur fluttu erindi.

4. bekkur málabrautar: Enskir leskaflar fyrir 4. bekk málabrautar (fjölrit MR, 2007): Bls. 1-44 vandlega lesnar til orðskýringa. – Grammar Practice for Upper Intermediate Students (Longman): Kaflar 47-66. – Forsetningar og fleira (fjölrit MR): Allt heftið. – Chapter and Verse (OUP): Kaflar 1-10 lesnir efnislega. – Enskar smásögur handa 4. bekk (fjölrit MR, 2007): Sögur 1-13 lesnar efnislega. – Skáldsagan *Animal Farm* (George Orwell) lesin efnislega á fyrri misseri. Skáldsagan *The Hitch Hiker's Guide to the Galaxy* (Douglas Adams) lesin efnislega á síðara misseri. Leikritið *The Importance of being Earnest* (Oscar Wilde) lesið efnislega á síðara misseri. – Stílar og aðrar skriflegar æfingar gerðar vikulega. Nemendur fluttu erindi.

4. bekkur náttúrufræðibrautar: Enskir leskaflar fyrir 4. bekk náttúrufræðibrautar (fjölrit MR, 2007): Bls. 2-24 og 26-62 vandlega lesnar til orðskýringa. – English Grammar in Use (CUP): Kaflar 47-48; 53-68; 95-97; 106; 110-112; 125-126; 128-130; 133-137; 139; 141; 144-145. – Enskar smásögur handa 4. bekk (fjölrit MR, 2007): Sögur 1-13 lesnar efnislega. – Skáldsagan *Animal Farm* (George Orwell) lesin efnislega á fyrri misseri og *The Hitch Hiker's Guide to the Galaxy* (Douglas Adams) lesin efnislega á síðara misseri. – Stílar og aðrar skriflegar æfingar gerðar reglulega. Nemendur fluttu erindi.

5. bekkur málabrautar: Enskir leskaflar fyrir 5. bekk málabrautar (fjölrit MR, 2007): Kaflar 1-25 vandlega lesnir til orðskýringa. – Málfræði- og orðaforðaæfingar handa 5. bekk málabrautar (fjölrit MR, 2007): Allt heftið. – Past into Present (Longman): Valdir þættir úr köflum 5-7 lesnir vandlega. – Enskar smásögur handa 5. bekk (fjölrit MR, 2007): 15 sögur lesnar efnislega. – Skáldsagan *To Kill A Mockingbird* (Harper Lee) lesin efnislega á fyrri misseri. Leikritið *Death of a Salesman* (Arthur Miller) lesið efnislega á síðara misseri. Á síðara misseri völdu nemendur einnig kjörbók (bundið val) og skrifuðu ritgerð um hana. – Stílar eða önnur skrifleg verkefni vikulega. Nemendur fluttu erindi á vormisseri.

5. bekkur náttúrufræðibrauta: Leskaflar fyrir 5. bekk eðlis- og náttúrufræðideilda (fjölrit MR, 2007): Kaflar 1-29 vandlega lesnir til orðskýringa. – Málfræði- og orðaforðaæfingar fyrir 5. bekk náttúrufræðibrauta (fjölrit MR, 2007): Allt heftið. – Enskar smásögur handa 5. bekk (fjölrit MR, 2007): 15 sögur lesnar efnislega. – Skáldsagan *To Kill A Mockingbird* (Harper Lee) lesin efnislega á fyrri misseri. Leikritið *Death of a Salesman* (Arthur Miller) lesið efnislega á síðara misseri. Á síðara misseri völdu nemendur einnig kjörbók (bundið val) og

skrifuðu ritgerð um hana. – Ritgerðir og önnur skrifleg verkefni reglulega. Nemendur fluttu erindi á vormisseri.

6. bekkur málabrautar: Enskir leskaflar handa 6. bekk máladeildar (fjölrit MR, 2007): Kaflar 1-14 lesnir vandlega til orðskýringa. Kafli 16: (A Brief History of the English Language) lesinn vandlega efnislega en ekki til orðskýringa og prófað úr honum á skólatíma. – Past into Present (Longman): Kaflar 1-3 og 8 lesnir vandlega – Smásagnahefti fyrir 6. bekk máladeildar (fjölrit MR): 8 sögur lesnar efnislega. – Leikritið Under Milk Wood (Dylan Thomas) lesið efnislega. Leikritið Macbeth (William Shakespeare). Allt leikritið efnislega og allt vandlega lesið nema III.v., III.vi., IV.iii. Nemendur völdu einnig kjörbók (opið val) og skrifuðu ritgerð um hana. – Stílar eða önnur skrifleg verkefni vikulega. Hver nemandi flutti erindi.

Franska

3. mál

3. bekkur: Á haustmisseri voru lesnir fjórir fyrstu kaflarnir í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru tekin fyrir málfræðiverkefni úr Grammaire française I. Nemendur horfðu á kvikmyndina Les Choristes og gerðu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega.

Á vormisseri voru lesnir kaflar 5-8 í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru tekin fyrir málfræðiverkefni úr Grammaire française I eftir Sigurbjörgu Gylfadóttur. Líttlestrarbókin Des voisins mystérieux eftir Gérard Alamargot og George Bläsi var lesin og nemendur unnu verkefni um hana. Nemendur lásu blaðagreinarnar Zidane og Keira Knightley-Nathalie Portman úr tímaritunum Ça va? og Allons-y! Nemendur horfðu á kvikmyndina Paris je t'aime og unnu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega. Farið var á franska kvikmyndahátíð.

4. bekkur: Á haustmisseri voru lesnir kaflar 8-12 í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru tekin fyrir málfræðiverkefni úr Grammaire française II eftir Sigurbjörgu Gylfadóttur. Nemendur horfðu á kvikmyndina Le péril Jeune og gerðu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega.

Á vormisseri voru lesnir kaflar 13-17 í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru tekin fyrir málfræðiverkefni úr Grammaire française II. Líttlestrarbókin La disparition eftir Muriel Gutleben var lesin og nemendur unnu verkefni um hana. Nemendur horfðu á kvikmyndina Paris je t'aime og unnu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega.

5. bekkur, mála og náttúrufræðibraut, 3. ár: Á haustmisseri voru lesnir kaflar 16-22 í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru tekin fyrir málfræðiverkefni úr heftinu Málfræðiágrip og æfingar eftir Eydísí Ýr Guðmundsdóttur. Kafli 5 úr Le petit Nicolas eftir Goscinny og Sempé var lesinn ásamt viðeigandi æfingum. Lesin voru nokkur frönsk ljóð og helstu ljóðskáld Frakka kynnt. Farið var ýtarlega í notkun á fransk-franskri orðabók. Nemendur horfðu á franska kvikmynd og gerðu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega.

Á vormisseri voru lesnir kaflar 23-30 í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru tekin fyrir málfræðiverkefni úr heftinu Málfræðiágrip og æfingar. Skáldsögurnar La cité perdue eftir Léo Lamarche og Le petit prince eftir Antoine de Saint-Exupéry voru lesnar, og nemendur unnu verkefni um þær. Áfram var haldið með lestur franskra ljóða. Nemendur horfðu á franska kvikmynd og gerðu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega.

6. *bekkur, málabraut, 4. ár*: Ýmsar franskar smásögur voru lesnar yfir veturinn, ásamt blaðgreinum (La Birmani se mobilise, Marion Jones, trop rapide pour être honnête, Pour le dire en peu de mots, Saint-Nicolas: le 6 décembre, 2008 Année tectonique) og textum (Françoise Sagan, Arthur Rimbaud, Paul Verlaine, Guillaume Apollinaire og Victor Hugo (biographies)). Unnu nemendur verkefni í tengslum við þá texta. Lesin voru frönsk ljóð og helstu ljóðskáld Frakka kynnt. Málfræði var rifjuð upp og nýjum atriðum bætt við.

Á vormisseri var lesin skáldsagan Monsieur Ibrahim et les Fleurs du Choran eftir Éric-Emmanuel Schmitt og unnu nemendur verkefni út frá henni. Nemendur horfðu á eina franska kvikmynd, Ne le dis à personne, og eina kvikmynd frá Québec, C.R.A.Z.Y. og gerðu verkefni um þær. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega. Farið var á kvikmyndahátíð og unnu nemendur verkefni um mynd að eigin vali.

4. mál

5. *bekkur, málabraut, 1. ár*: Á haustmisseri voru lesnir átta fyrstu kaflarnir í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru lögð fyrir aukamálfraeðiverkefni eftir þörfum og lesnar voru nokkrar léttar blaðgreinar. Nemendur horfðu á kvikmyndina Les Choristes og gerðu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega.

Á vormisseri voru lesnir kaflar 9-17 í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru lögð fyrir málfræðiverkefni og talæfingar eftir þörfum. Líttlestrarbókin Des voisins mystérieux eftir Gérard Alamargot og George Blási var lesin og nemendur unnu verkefni um hana. Nemendur horfðu á kvikmyndina À la folie pas du tout og leystu verkefni. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega. Farið var á kvikmyndahátíð og nemendur gerðu verkefni um kvikmynd að eigin vali.

6. *bekkur, málabraut, 2. ár*: Á haustmisseri voru lesnir kaflar 18-22 í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru tekin fyrir málfræðiverkefni úr Málfræðiágrípi og æfingum. Kafli 5 úr Le petit Nicolas eftir Gosciny og Sempé var lesinn ásamt viðeigandi æfingum. Lesin voru nokkur frönsk ljóð og helstu ljóðskáld Frakka kynnt. Farið var ýtarlega í notkun á fransk-franskri orðabók. Nemendur horfðu á franska kvikmynd og gerðu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega.

Á vormisseri voru lesnir kaflar 23-30 í lesbókinni Carte Blanche ásamt viðeigandi verkefnum í æfingabókinni. Einnig voru tekin fyrir málfræðiverkefni úr heftinu Málfræðiágríp og æfingar. La cité perdue eftir Léo Lamarche og Le petit prince eftir Antoine de Saint-Exupéry voru lesnar og nemendur unnu verkefni um þær. Áfram var haldið með lestur franskra ljóða. Nemendur horfðu á franska kvikmynd og gerðu verkefni um hana. Skriflegar æfingar voru að jafnaði vikulega og æfingapróf mánaðarlega.

Spænska

3. mál

3. *bekkur*: Nemendur hlutu þjálfun í þeim fjórum færniþáttum, sem liggja tungumálakunnáttu til grundvallar, þ.e. lestri, ritun, hlustun og tali. Til að æfa lestur voru lesnir leskaflar í lesbók Mundos nuevos 1, ritun var æfð með æfingum í vinnubók Mundos nuevos 1 og USO elemental og með stýrðum ritæfingum og frjálsri textasköpun. Hlustun var æfð með efni af hljóðsnældum, sem tengjast lesbók Mundos nuevos 1, og jafnframt var hlustað á spænska söngtexta. Tal var æft með samtölum í tímum, bæði í hóp- og paravinnu, og þreytt var munnlegt próf í lok annar.

Á skólaárinu var jafnframt unnið í margmiðlunarveri skólans. Nemendur tókust á við nettengd námsforrit eða texta á alneti. Auk ofangreinds var stuðst við spænskar kvikmyndir til

að æfa færniþættina fjóra. Nemendur unnu einnig hópverkefni á vormisseri og það veitti þeim aukna innsýn í menningu spænskumælandi landa.

3. mál

4. bekkur: Nemendur hlutu þjálfun í lestri, ritun, hlustun og tali. Til að æfa lestur voru lesnir leskaflar í lesbók Mundos 2 og fjölbreytilegir textar í lesbókinni Caminos og léttlestrarbókinni Vacaciones al sol. Ritun var æfð með æfingum í vinnubók Mundos 2 og í Spænskum málfræðiæfingum fyrir 4. bekk og með stýrðum ritæfingum og frjálsri textasköpun. Hlustun var æfð með efni af hljóðsnældum sem tengjast lesbók Mundos 2 og jafnframt var hlustað á spænska söngtexta. Tal var æft með samtölum í tímum, bæði í hóp- og paravinnu og þreytt var munnlegt próf í lok annar.

Á skólaárinu var jafnframt unnið í margmiðlunarveri skólans. Nemendur tókust á við nettengd námsforrit eða texta á alneti. Auk ofangreinds var stuðst við spænskar kvikmyndir til að æfa færniþættina fjóra. Nemendur unnu einnig hópverkefni á vormisseri og veitti það þeim aukna innsýn í menningu spænskumælandi landa.

3. mál

5. bekkur: Nemendur hlutu þjálfun í lestri, ritun, hlustun og tali. Til að æfa lestur voru lesnir fjölbreyttir lestextar úr Leshefti fyrir 5. bekk. Ritun var æfð með stýrðum ritæfingum og frjálsri textasköpun. Hlustun var æfð með efni af hljóð- og myndsnældum og jafnframt var hlustað á spænska söngtexta. Tal var æft með samtölum í tímum, bæði í hóp- og paravinnu og þreytt var munnlegt próf í lok annar.

Á skólaárinu var jafnframt unnið í margmiðlunarveri skólans. Nemendur tókust á við nettengd námsforrit eða texta á alneti. Auk ofangreinds var stuðst við spænskar kvikmyndir til að æfa færniþættina fjóra.

4. mál

5. bekkur og 6. bekkur (valgrein): Nemendur hlutu þjálfun í lestri, ritun, hlustun og tali. Til að æfa lestur voru lesnir leskaflar í lesbók Mundos nuevos 1, léttlestrarbókinni Vacaciones al sol og lesbókinni Caminos. Ritun var æfð með æfingum í vinnubók Mundos nuevos 1 og USO elemental og með stýrðum ritæfingum og frjálsri textasköpun. Hlustun var æfð með efni af hljóðsnældum, sem tengjast lesbók Mundos nuevos 1, og jafnframt var hlustað á spænska söngtexta. Tal var æft með samtölum í tímum, bæði í hóp- og paravinnu og þreytt var munnlegt próf í lok annar.

Á skólaárinu var jafnframt unnið í margmiðlunarveri skólans. Nemendur tókust á við nettengd námsforrit eða texta á alneti. Auk ofangreinds var stuðst við spænskar kvikmyndir til að æfa færniþættina fjóra. Nemendur unnu einnig hópverkefni á vormisseri og það veitti þeim aukna innsýn í menningu spænskumælandi landa.

3. mál

6. bekkur: Nemendur hlutu þjálfun í lestri, ritun, hlustun og tali. Til að æfa lestur voru lesnir fjölbreyttir lestextar úr Leshefti fyrir 6. bekk. Ritun var æfð með stýrðum ritæfingum og frjálsri textasköpun. Hlustun var æfð með efni af hljóð- og myndsnældum og jafnframt var hlustað á spænska söngtexta. Tal var æft með samtölum í tímum, bæði í hóp- og paravinnu og þreytt var munnlegt próf í lok annar.

Á skólaárinu var jafnframt unnið í margmiðlunarveri skólans. Nemendur tókust á við nettengd námsforrit eða texta á alneti. Auk ofangreinds var stuðst við spænskar kvikmyndir til að æfa færniþættina fjóra.

4. mál

6. bekkur: Nemendur hlutu þjálfun í lestri, ritun, hlustun og tali. Til að æfa lestur voru lesnir leskaflar í lesbók Mundos 2 og lesnir fjölbreytilegir textar í lesbókinni Caminos. Ritun var æfð með æfingum í vinnubók Mundos 2 og í Spænskum málfræðiæfingum fyrir 6. bekk og einnig með stýrðum ritæfingum og frjálsri textasköpun. Hlustun var æfð með efni af hljóðsnældum, sem tengjast lesbók Mundos 2, og jafnframt var hlustað á spænska söngtexta.

Tal var æft með samtölum í tímum, bæði í hóp- og paravinnu og þreytt var munnlegt próf í lok annar.

Á skólaárinu var jafnframt unnið í margmiðlunarveri skólans. Nemendur tókust á við nettengd námsforrit eða texta á alneti. Auk ofangreinds var stuðst við spænskar kvikmyndir til að æfa færniþættina fjóra. Nemendur unnu einnig hópverkefni á vormisseri og það veitti þeim aukna innsýn í menningu spænskumælandi landa.

Þýska

Öll þýskukennslan er miðuð við evrópska staðla (ETM - evrópska tungumálamappan). Í samræmi við þær markmiðslýsingar, sem þar koma fram, er eftirfarandi markmiðum náð í þýsku sem 3. tungumáli:

3. bekkur: A1 og hluta af A2 4. bekkur: A2 og hluta af B1
5. bekkur: B1 og hluta af B2 6. bekkur: B2

3. mál

3. bekkur, 1. ár: Mikil áhersla var lögð á að byggja upp virkan orðaforða, um daglegt umhverfi, bæði munnlega (mikil áhersla á talæfingar og réttan framburð) og skriflega (áhersla á samhengi í grunnatriðum málfræðinnar (kyn, no., föll, sagnir í nt.)).

Ýmis smærri skilaverkefni. Skyndipróf: 1 á hvoru misseri.

Kennslugögn: 1. Þýska fyrir þig, 1. Lesbók og vinnubók (kaflar 1-7).

2. Die Deutsch-Mappe 1, fjölbreytt viðbótarefni til að byggja upp virkan orðaforða, æfa tal og ritun, auk þess málfræðiskýringar- og æfingablöð og farið í grunnatriði varðandi Landeskunde.

3. Málfræðibók Þýska fyrir þig.

3. mál

4. bekkur, 2. ár: Mikil áhersla lögð á að byggja upp virkan orðaforða, ritfærni (áhersla á að skrifa málfræðilega rétt) og talfærni (áhersla á réttan framburð).

Styttri ritgerðir (100-200 orð) voru að jafnaði með hálfsmánaðar millibili.

Skyndipróf: 2 á hvoru misseri.

Kennslugögn: 1. Þýska fyrir þig, 1 Lesbók og vinnubók (kaflar 8-11).

2. Die Deutsch-Mappe, 2 framhald af fyrri hluta. Fjölrítað viðbótarefni frá kennara.

3. Málfræðibók Þýska fyrir þig.

3. mál

5. bekkur, náttúrufræðibraut, 3. ár: Mikil áhersla lögð á að byggja upp virkan orðaforða, skrifa málfræðilega rétt) og talfærni (áhersla á réttan framburð).

Skriflegar æfingar voru að jafnaði með hálfsmánaðar millibili á móti sagnaprófum sem voru einnig tvisvar í mánuði. Skyndipróf voru tekin með u.þ.b. 6 vikna millibili.

Kennslugögn: 1. Þýska fyrir þig, 1, lokið við lesbók og vinnubók.

2. Málfræðibók Þýska fyrir þig.

3. Kvikmyndin og bókin: Am kürzeren Ende der Sonnenallee, auk þess fjölrítað verkefni frá kennara.

4. Þýsk-þýsk orðabók: Deutsch als Fremdsprache (Langenscheidt).

5. Hefti með málfræðiútskýringum og æfingum (fjölrit frá kennara).

6. Ýmsar smásögur með orðalistum (fjölrit frá kennara).

3. mál

6. bekkur, málabraut, 4. ár: Mikil áhersla var lögð á ritfærni, hlustun/skilning og talfærni. Styttri ritgerðir voru að jafnaði með hálfsmánaðar millibili. Stórar ritgerðir (4-500 orð) tvisvar yfir árið.

Skyndipróf voru tekin með u.þ.b. 6 vikna millibili.

Kennslugögn: 1. Deutsch für dich 2, lesbók og vinnubók (valdir kaflar úr bókunum).

2. Ýmsar smásögur, ljóð og örsögur (hefti frá kennara).

3. Verkefni við þýska tónlist (fjölrit frá kennara).

4. Kvikmyndin Sommermärchen 2006 og ítarefni um þýska landsliðið í fótbolta.

5. Kvikmyndin Das Leben der Anderen, verkefni, textar og umræður.

6. Verkefni um seinni heimsstyrjöldina í Þýskalandi (fjölrit frá kennara).

7. Die Taube (Patrick Süßkind).

8. Kvikmyndin Das Experiment, verkefni og umræður,

9. Þýsk-þýsk orðabók: Deutsch als Fremdsprache (Langenscheidt).

4. mál

5. bekkur, málabraut, 1. ár: Mikil áhersla var lögð á að byggja upp virkan orðaforða um daglegt umhverfi, bæði munnlega (mikil áhersla á talæfingar og réttan framburð) og skriflega (áhersla á samhengi í grunnatriðum málfræðinnar (kyn, no., föll, sagnir í nt. og nokkrar í nl.t., aukasetn.)). Haustmisseri: Ýmis smærri skilaverkefni. Skyndipróf: 2.

Vormisseri: Nokkur smærri skilaverkefni, 2 stærri ritgerðir (300 orð) og eitt skyndipróf.

Kennslugögn: 1. Deutsch für dich 1, lesbók og vinnubók (kaflar 1-9).

2. Die Deutsch-Mappe 1 og 2. Fjölbreytt viðbótarefni til að byggja upp virkan orðaforða, æfa tal og ritun, auk þess málfræðiskýringar- og æfingablöð og farið í grunnatriði varðandi Landeskunde.

3. Málfræðibók Þýska fyrir þig.

4. mál, 6. bekkur, málabraut, 2. ár:

Kennslugögn: 1. Deutsch für dich 1, lesbók og vinnubók, lokið við bókina, stærsti hlutinn tekinn fyrir jól.

2. Oktoberfest, léttlestrarbók á haustmisseri.

3. Kein Schnaps für Tamara, léttlestrarbók á vormisseri.

Latína

4. bekkur máladeildar: Lesefni: Kristinn Ármannsson: Latnesk lestrarbók, kaflar 1 - 66, Kristinn Ármannsson: Latnesk málfræði, Málfræðiblöð, æfingar og annað ítarefni. – Farið var í grundvallaratriði latneskrar beygingarfræði, lesnir stuttir textar, æfingar og stílar skrifaðir. Haldin voru tvö skyndipróf á hvoru misseri auk jóla- og vorprófs.

Formáladeild I og II, 5. bekkur A-1 og 5. B: Lestextar voru: Maurice Balme & James Morwood: Oxford Latin Course, Part III 34 - 54II. C. Iulius Caesar: De bello Gallico I, kaflar 1-12. Málfræði: Kristinn Ármannsson: Latnesk málfræði, Málfræðiblöð, stílar og ólesnar þýðingar. Textar voru lesnir og skýrðir og ítarlega farið í latneska setningafræði. Nemendur skrifuðu vikulega eina skriflega æfingu, stíl eða ólesna þýðingu. Tvö skyndipróf voru haldin á hvoru misseri auk jóla- og vorprófs. Latínublað var gefið út í lok skólaárs.

Nýmáladeild I og II, 5. bekkur A-2: Efni var: Peter V. Jones & Keith C. Sidwell: Reading Latin Text og Reading Latin Grammar, kaflar 3-5.– Kristinn Ármannsson: Latnesk málfræði. – Textar lesnir og æfingar gerðar. Haldin voru tvö skyndipróf á önn auk jóla- og stúdentsprófs.

Fornmáladeild I og II, 6. bekkur A: Lestextar:

I. C. Iulius Caesar: De bello Gallico I 1-20

II. M. Tullius Cicero: Oratio prima in Catilinam

III. C. Valerius Catullus: Carmina

| | |
|----|--|
| 1 | Cui dono lepidum novum libellum |
| 2 | Passer deliciae meae puellae |
| 3 | Lugete, o Veneres |
| 5 | Vivamus, mea Lesbia, atque amemus |
| 7 | Quaeris, quot mihi basiationes |
| 8 | Miser Catulle, desinas ineptire |
| 11 | Furi et Aureli, comites Catulli |
| 51 | Ille mi par esse deo videtur |
| 70 | Nulli se dicit mulier mea |
| 72 | Dicebas quondam |
| 76 | Siqua recordanti benefacta priora |
| 85 | Odi et amo |

IV. P. Ovidius Naso: úr Metamorphoses: Apollo og Daphne
Daedalus og Icarus

V. Q. Horatius Flaccus: Odes I 22 Integer vitae
I 9 Vides ut alta
Sermones I 9 Ibam forte

VI. Miðaldalatína: úr Carmina Burana: O Fortuna
Olim lacus colueram
In taberna quando sumus
Confessio Archipoetae (Aestuans)

Thomas frá Celano: Dies irae
Jacopone da Todi: Stabat mater
Adam Bremensis: Descriptio Islandiae

Málfræði: Kristinn Ármannsson: Latnesk málfræði. Málfræðiblöð, stílar og ólesnar þýðingar.

Nemendur skrifuðu vikulega eina skriflega æfingu, stíl eða ólesna þýðingu. Tvö til þrjú skyndipróf voru haldin á hvoru misseri auk jóla- og stúdentsprófs.

Fornfræði

Fornmáladeild I 5. bekkur A: Á hausmiseri var kennd listasaga fornaldar meðal Krítverja, Mýkenumanna og Grikkja, allt fram á hellenískan tíma. Stuðst var við efni, er kennari útbjó og dreifði í tímum, og ritið History of Art eftir Susan Woodward. Nemendur héldu fyrirlestur (um 40 mín.) og þreyttu skyndipróf auk jólaþrófs.

Á vormisseri var farið í forngrískar bókmenntir og var einkum fjallað um bókmenntagreinarnar epos og tragoediu, megineinkenni þeirra og merkustu höfunda tengda þeim: Homer og Vergilius, og harmleikjaskáldið Euripides. Lesnir voru valdir kaflar úr íslenskum þýðingum að Hómerskviðum og Aeneasarkviðu og leikritið Medea eftir Euripides. Námsefni var fjölrít er kennari útbjó og dreifði auk bókmenntaverkanna sjálfra. Nemendur tóku skyndipróf auk vorþrófs.

Gríska

Fornmáladeild I, 6. bekkur A:

Lestextar:

| | |
|-------------------|---|
| I. Balme & Lawall | Athenaze II, 20.-31. kafli |
| II. Xenophon, | Cyropaideia I. 3. 4.-11 Anabasis III 1. 2-26; IV 7. 21.-27 |
| III. Platon | Protagoras 310 A-315 B Phaidon 115 A-118 |
| IV. Hómer | Od. VI (um 200 línur) |
| V. Sappho | Þrjú ljóð |
| VI. Bakkylides | 28 in fine |

Textar voru lesnir og skýrðir málfræðilega og efnislega. Haldin voru þrjú skyndipróf á hvoru misseri.

Fornmáladeild I, 5. bekkur A-1: Lestextar: Balme & Lawall: Athenaze I og II (að 20. kafla). Farið var í grunnatriði grískrar beygingarfræði, textar lesnir og skýrðir. Fjögur skyndipróf á hvoru misseri auk jóla- og vorprófs.

Saga

3. bekkur: Þetta var lesið og kennt: Helgi Ingólfsson: Grikkland hið forna; Helgi Ingólfsson: Rómaveldi; Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson: Þættir úr sögu vestrænnar menningar, Miðaldir, bls. 1-37.

4. bekkur: Á haustmisseri var farið í Evrópusögu frá síðmiðöldum fram til um 1800. Einnig var veitt ágríp af sögu fjarlægari heimshluta (Kína, Indlands, Afríku og Ameríku) frá fyrri tímum. Kennslubækur voru: Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson: Þættir úr sögu vestrænnar menningar. Miðaldir, bls. 80-99, og Guðmundur J. Guðmundsson og Ragnar Sigurðsson: Þættir úr sögu vestrænnar menningar. Nýöldin 1492-1848, bls. 1-98.

Á vormisseri var farið var yfir Íslandssögu frá landnámi fram til um 1800. Kennslubók: Gunnar Karlsson o.fl.: Fornir tímar. Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur 4.000.000 f.Kr. til 1800 e.Kr. Farið var í alla Íslandssögukafla, sem er að finna í II., III., V. og VI. hluta bókarinnar (en ekki í IV. hluta, sem fjallar um daglegt líf Íslendinga á 17.-18. öld). Námsefnið er að finna á bls. 98-357, inn á milli mannkynssögukafla.

6. bekkur: Farið var yfir Íslands- og mannkynssögu 19. og 20. aldar. Um tímabilið eftir 1950 fjölluðu nemendur í fyrirlesturum sínum og verkefnum. Kennslubók: Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: Nýir tímar, bls. 24-245.

Lífsleikni

Lífsleikni er kennd í þrennu lagi í Menntaskólanum í Reykjavík. Ein eining er kennd í félagsfræði, önnur í íslensku og sú þriðja nefnist lífsleikni. Fjórir kennarar sjá um kennsluna en að auki koma gestafyrirlesarar. Nemendur kaupa ekkert eiginlegt námefni heldur fá ljósrituð blöð og einnig eru glærur á innra neti skólans. Viðfangsefni haustmisseris var sem hér segir:

Nýr skóli – nýr starfsvettvangur.

Félagslíf nemenda: inpector og forseti.

Efling bekkjarandans: lífsleiknikennarar.

Kynning á námsráðgjöfinni og nemendaráðgjöfum: Guðrún og Toby, námsráðgjafar og nemendaráðgjafar.

Umgengni við tölvur o.fl. í tölvuverum skólans: Rúnar Sigfússon, kerfisstjóri.

Bókasafnið; fræðsla sem miðar að auðveldri gagnasöfnun og notkun safnsins:
 Ragnhildur Blöndal og Æsa Strand.
 Næring, heilsa og nám. Verkefni í umsjón hjúkrunarfræðings MR, Írisar Bjargar
 Jónsdóttur.
 Námstækni og prófkvíði í umsjón lífsleiknikennara.
 Áföll og sorg. Verkefni á vegum dómkirkjunnar og biskupsstofu.
 Umferðarmenning – fræðslufulltrúi VÍS.

Viðfangsefni vormisseris var eftirfarandi:
 Kynlíf, ábyrgð, áhætta – læknanemar.
 Ræðumennska og framkoma.
 Framtíð mín og draumastarfið; verkefni í ræðumennsku.
 Fjármálafræðsla frá Landsbankanum.
 Forvarnir í umsjón lögreglunnar, Haraldur Sigurðsson.
 Mannréttindi – að setja lög og reglur: lífsleiknikennarar. Konfektikassinn. Verkefni þar
 sem nemendur fá jákvætt mat frá bekkjarfélögum sínum: lífsleiknikennarar.

Stærðfræði

3. bekkur:

Málbraut: Kennnd var bókin Stærðfræði 3000, Grunnbók fyrir framhaldsskóla eftir
 Lars-Eric Björk og Hans Brolin.

Náttúrufræðibraut: Lesnar voru bækurnar Bókstafareikningur handa 3. bekk eftir
 Gylfa Guðnason, Bjarna Gunnarsson og Sigríði Hlíðar og Stærðfræði handa 3. bekk
 náttúrufræðibrautar eftir Birgi Guðjónsson, Gylfa Guðnason, Sigríði Hlíðar og Skarphéðin
 Pálmason. Loks voru lesnar greinar 1.1-1.3 að reglu 1.7 í Stærðfræði handa 4. bekk
 stærðfræðideildar eftir Birgi Guðjónsson og Bjarna Gunnarsson.

4. bekkur:

Máladeild: Kennnd var bókin Stærðfræði 3000, Algebra, föll og mengi eftir Lars-Eric
 Björk og Hans Brolin.

Stærðfræðideild: Lesin var bókin Stærðfræði handa 4. bekk stærðfræðideildar, fyrri
 hluti, eftir Birgi Guðjónsson og Bjarna Gunnarsson, frá grein 1.4 og bókin Stærðfræði handa
 4. bekk stærðfræðideildar seinni hluti að grein 2.8 eftir Birgi Guðjónsson, Bjarna Gunnarsson
 og Sigríði Hlíðar.

5. bekkur:

Máladeild: Kennnd var bókin Tölfræði eftir Jón Þorvarðarson.

Eðlisfræðideild I: Lesnar voru bækurnar og heftin Stærðfræði handa 5. bekk
 eðlisfræðideildar eftir Yngva Pétursson og Birgi Guðjónsson og Stærðfræði handa 5. bekk
 stærðfræðideildar, dæmasafn, eftir Gylfa Guðnason, Þrepun, runur og raðir eftir Yngva
 Pétursson (MR 2007), Talningarfræði eftir Gylfa Guðnason og Líkindareikningur eftir Sigríði
 Hlíðar. Loks var tekið heftið Tegurreikningur eftir Yngva Pétursson (1. kafli).

Eðlisfræðideild II: Kennnd var bókin Stærðfræði handa 5. bekk eðlisfræðideildar eftir
 Yngva Pétursson og Birgi Guðjónsson og Stærðfræði handa 5. bekk stærðfræðideildar,
 dæmasafn, eftir Gylfa Guðnason. Auk þess voru lesnar greinar 1.1 til 1.3 í heftinu
 Tegurreikningur eftir Yngva Pétursson.

Náttúrufræðideild I: Kennnd var bókin Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðideildar
 bekk eftir Yngva Pétursson og Birgi Guðjónsson og Stærðfræði handa 5. bekk
 stærðfræðideildar, dæmasafn, eftir Gylfa Guðnason.

Náttúrufræðideild II: Kennnd var bókin Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðideildar
 eftir Yngva Pétursson og Birgi Guðjónsson, að grein 6.4 og samsvarandi hluti af Stærðfræði
 handa 5. bekk stærðfræðideildar, dæmasafn, eftir Gylfa Guðnason.

6. bekkur:

Eðlisfræðideild I: Lokið var við heftið Tegurreikningur eftir Yngva Pétursson (nema grein 3.3.3). Þá voru tekin heftin Diffurjöfnur eftir Birgi Guðjónsson og Tvinntölur eftir Gylfa Guðnason, en síðan lesin fjölrit um keilusnið og þrívíða hnitarúmfræði, svo og valin efni úr stærðfræðigreiningu og fylkjareikningi.

Eðlisfræðideild II: Lokið var við heftið Tegurreikningur (nema grein 3.3.3) og lesin heftin Þrepun, runur og raðir eftir Yngva Pétursson, Tvinntölur og Talningarfræði eftir Gylfa Guðnason og Diffurjöfnur eftir Birgir Guðjónsson. Auk þess var lesið fjölrit um þrívíða rúmfræði og fylkjareikningur kynntur af ljósriti.

Náttúrufræðideild I: Lesin voru heftin Tegurreikningur (að grein 3.3.2) og Þrepun runur og raðir eftir Yngva Pétursson, Talningarfræði eftir Gylfa Guðnason, Líkindareikningur eftir Sigríði Hlíðar og Diffurjöfnur eftir Birgi Guðjónsson (að bls. 23).

Náttúrufræðideild II: Lokið var við Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðideildar eftir Yngva Pétursson og Birgi Guðjónsson og Stærðfræði handa 5. bekk stærðfræðideildar, dæmasafn, eftir Gylfa Guðnason. Þá var lesinn Tegurreikningur eftir Yngva Pétursson (að grein 3.3), Talningarfræði eftir Gylfa Guðnason, Líkindareikningur eftir Sigríði Hlíðar og loks Diffurjöfnur, eftir Birgi Guðjónsson (að bls. 23).

Eðlisfræði

5. bekkur *eðlisfræðideildar I og II:* Kennslubækur voru Aflfræði I og rafrásir og Aflfræði II eftir Davíð Þorsteinsson, auk lesningar um óvissureikninga í hefti um verklega eðlisfræði, einnig eftir Davíð Þorsteinsson. Verklegir tímar voru tveir í hverri viku þar sem nemendur héldu verkþók og skiluðu tveim skýrslum um veturinn. Í eðlisfræðideild I er farið í ýmis atriði, sem sleppt er eða aðeins tekin fyrir lauslega í eðlisfræðideild II; einnig eru efnistöð víða fræðilegri í eðlisfræðideild I. Helstu efnisatriði, sem farið var í um veturinn, voru sem hér segir:

S-I einingakerfið. Óvissumat og óvissureikningar. Notkun línulegra grafa til að meta óvissu. Jöfn hreyfing og jafnt hröðuð hreyfing eftir beinni línu. Kraftlögmál Newtons. Massi og þyngd. Fjaðurkraftur og lögmál Hooke. Núningslögmálið. Hreyfing á skáfleti.

Vinna, orka og form orkunnar. Geymnir kraftar. Orkuvarðveisla. Einfaldar vélar.

Þyngdarþrýstingur í vökvum. Lögmál Arkimedesar. Lögmál Bernoullis.

1. lögmál varmafræðinnar. Eðlisvarmi og fasaskiptavarmi.

Hreyfingarfræði sameinda í gasi. Hitastig og hitamælar. Ástandsjafrna lofttegunda.

2. lögmál varmafræðinnar. Öreiða. Varmavélar (aðeins í Eðl-I).

Rafhleðsla, rafkraftar og rafsvið. Rafstraumur, spenna og viðnám. Jafnstraumsrásir.

Jafnt hröðuð hringhreyfing í fleti. Almenn kasthreyfing án loftmótstöðu.

Atlag og skriðþungi. Varðveislulögmál skriðþungans. Massamiðjulögmálið.

Jöfn hringhreyfing. Miðsóknarkraftur. Tregðukraftar.

Einföld bylgjuhreyfing. Langs- og þverbylgjur. Samliðun. Stærðfræðileg lýsing bylgju. Stað-

bylgjur. Hviður. Bylgjur í fleti. Lögmál Huygens. Samliðun tveggja hringbylgna. Doppler-hrif. Hljóðstyrkur. Samliðun ljóss í raufagleri.

Ljósgeislafræði. Ljósbrott. Speglun. Safnlinsa. Linsujafnan. Sjóntæki.

6. bekkur *eðlisfræðideildar I og II:* Kennslubækur voru Aflfræði II og Rafsegulmagn og nútímaeðlisfræði eftir Davíð Þorsteinsson. Verklegir tímar voru tveir í hverri viku. Í eðlisfræðideild I er farið í ýmis atriði, sem sleppt er eða aðeins tekin fyrir lauslega, í eðlisfræðideild II; einnig eru efnistöð víða fræðilegri í eðlisfræðideild I. Helstu efnisatriði voru sem hér segir:

Lögmál Keplers. Þyngdarlögmál Newtons. Þyngdarorka.

Kraftvægi. Skilyrði fyrir jafnvægi. Þyngdarpunktur.

Hornhraði. Hverfitregða. Snúningsorka. Hverfiþungi. Gíróskóp (snúða).

Rafsvið, rafflæði. Lögmál Gauss um rafsvið.

Þéttir. Rýmd. Orka þéttis. Samtenging þétta. Upphleðsla og afhleðsla þéttis gegnum viðnám.

Segulsvið. Lögmál Laplace. Lögmál Biots og Savarts (Eðl-I). Lögmál Amperes.

Segulsvið í hringspólu og langspólu. Segulsvið umhverfis beina taug.

„Hinn 8. apríl sl. andaðist Jón Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi íslenskukennari. Jón kenndi við Menntaskólann frá 1943 til 1993. Eftir það annaðist hann önnur störf í skólanum um skeið. Jón naut mikillar virðingar nemenda og samkennara sinna á löngum ferli. Það sópaði að honum, hvar sem hann fór, og hann átti mikinn þátt í því að efla tök nemenda sinna á máli og stíl og vekja áhuga þeirra á íslenskum bókmenntum. Jón hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar árið 2003 og í umsögn ráðgjafarnefndar segir m.a., að Jón hafi verið ópreytandi í viðleitni sinni til að skerpa mál og stíl nemenda í ræðu og riti. Það sé hverri þjóð ómetanlegt að eiga lærimeistara, sem stunda málrækt af slíkri alúð. – Jón var svo sannarlega kennari af hugsjón, og við minnumst hans með þakklæti í huga. Ég bið viðstadda að votta Jóni Sigurði Guðmundssyni virðingu sína með því að rísa úr sætum.“

Rektor fjallaði síðan í stuttu máli um helstu þætti í skólafarfinu á liðnum vetri. Nemendaráðgjöf var í Menntaskólanum sl. vetur í umsjá námsráðgjafa hans. Hún felst í því, að nemendur úr efri bekkjum miðla yngri nemendum af reynslu sinni, veita upplýsingar um námið í skólanum, gefa góð ráð, leiðbeiningar og veita annan stuðning. – Rektor sagði og, að enn vantaði töluvert upp á, að ríkisvaldið hefði sýnt skólanum þann sóma að koma húsnaðismálum hans í viðunandi horf. En allt þokist þetta þó í rétta átt, þótt hægt miði.

Félagslíf nemenda var blómlegt að vanda, og skólayfirvöld áttu átt gott samstarf við stjórnir nemendafélaganna um ýmsa atburði og skemmtanir á vegum þeirra. Rektor benti á að nemendur Menntaskólans hefðu víða skarað fram úr um veturinn og verið skólanum til sóma í mörgum greinum, utan skólans sem innan. Hann nefndi þar árangur í þýskupraut, samkeppni í ljóðalestri fyrir framhaldsskólanema, sem stunduðu nám í frönsku, stærðfræðikeppni, landskeppni og úrslitakeppni í efnafræði og forkeppni og úrslitakeppni í eðlisfræði. Þá hefðu lið Menntaskólans í Reykjavík sigrað í Morfís, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskóla, og einnig í spurningakeppninni Gettu betur. Þetta var 14. sigur skólans í þeirri keppni. – Efst væri í huga sér þakklæti til allra þátttakendanna fyrir að hafa þannig aukið hróður skólans með eftirminnilegum hætti.

Þá greindi rektor frá niðurstöðum prófa bæði í neðri bekkjum og í stúdentsprófum og síðan bað hann nemendur um að veita viðtöku prófskírteinum sínum. Rektor ávarpaði síðan nýstúdentum og hvatti þá til að varðveita gleðina í hjartanu og bjartsýnina í huganum. Þá yrði lífsgangan léttari og hamingjan innan seilingar. – „Hamingjan felst sjaldnast í peningum, háum stöðum og sýndarmennsku. Hið besta í lífinu bíður við hvert fót mál og kostar lítið. Dýrmætustu fjársjóðirnir eru oft þeir sem augað nemur ekki en hjartað finnur. Fylgið því ætíð hjartanu.“ – Að lokum færði rektor þeim innilegar hamingju- og árnaðaróskir í tilefni dagsins.

Rektor veitti viðurkenningu þeim nemendum, sem skarað höfðu fram úr, svo og embættismönnum fyrir vel unnin störf. Um það efni má lesa nánar í þessari skýrslu.

Allmargir afmælisstúdentar voru viðstaddir athöfnina að vanda. Elsti stúdent landsins, Gissur Ólafur Erlingsson, varð stúdent 1928 og hélt því upp á 80 ára stúdentsafmæli sitt. Gissur flutti hnyttilega ræðu og færði skólanum að lokum prófskírteini sitt. Þetta væri ekki til eftirbreytni heldur frekar hugsað sem „víti til varnaðar“! Fyrir hönd 70 ára stúdenta flutti Jónas H. Haralz athyglisverða ræðu, og einnig Ragnar Arnalds, sem talaði fyrir hönd 50 ára stúdentu. Fyrir hönd 25 ára stúdenta töluðu þau Kristín Helga Gunnarsdóttir og Tómas Hallgrímsson. Ræðumenn færðu skólanum gjafir frá bekkjarfélögum sínum, og auk þess

bárust gjafir frá ýmsum afmælisstúdentum. Rektor þakkaði afmælisstúdentum fyrir hlýleg orð og góðar gjafir.

Rektor greindi frá því, að Guðfinna Ragnarsdóttir efnafræði- og jarðfræðikennari og Sigríður Arnbjarnardóttir enskukennari hefðu tilkynnt, að þær óskuðu eftir að láta af störfum eftir þetta skólaár. Þær eru afar samvisskusamar hafa sinnt störfum sínum af mikilli alúð. Skólinn þakkar þeim fyrir vel unnin störf og óskar þeim og fjölskyldum þeirra farsældar á komandi árum.

Rektor bauð afmælisstúdentum og kennurum til kaffidrykkju í hátíðasal og næstu stofum. Hann flutti nýstúdentum og vandamönnum þeirra heillaóskir frá skólanum og starfsfólki hans, og að lokum sagði hann Menntaskólanum í Reykjavík slitið í 162. sinn.

Viðauki

Á næstu síðum er sýnishorn nokkurra stúdentsprófa frá 2008:

| | Bls. |
|--|------|
| Íslensk ritgerð | 50 |
| Íslensk fræði | 51 |
| Enska á málabraut, enska og enskur stíll | 61 |
| Stærðfræði á náttúrufræðibraut (stæ I, stæ II (eðl I, eðl II, nátt I), stæ III (eðl I), stæ (nátt II) bls. | 72 |
| Saga | 84 |

ÍSL602

Íslensk ritgerð – VI. bekkur

1. Að vera Íslendingur.
2. „Og vorið kallar, – kallar til starfs og stórra ráða.“
(Jóhannes úr Kötlum: *Morgunsöngur*)
3. Iðnvæðing og náttúruvernd.
4. Ungur var eg forðum,
fór eg einn saman,
þá varð eg villur vega,
auðigur þóttumst
er eg annan fann,
maður er manns gaman.
(*Hávamál*)
5. Bók er best vina.

**Leyfileg hjálpargögn:
íslenskar orðabækur (þó ekki málsháttasöfn)
Notið penna.**

Nafn: _____ Bekkur: _____

ÍSL601

Íslensk fræði — VI. bekkur

I. Skilgreinið þessi hugtök:

a) persónugervingu (tvenns konar): _____

b) vísun: _____

c) forklifun: _____

II. Setjið áherslumerki yfir atkvæðin og skiptið í kveður (há- og lágkveður). Sýnið úrfellingu þar sem það á við. Dragið hring um hvern ljóðstaf:

1) En fylgi hún þér einhuga hin aldraða sveit

þá ertu á vegi til grafar.

2) Hve allt varð hljótt. – Í rökkursýn ég sá

þar sjálfur mína ævi ganga hjá.

(12)

III. a) Skilgreinið hugtakið Íslendingasögur. Fjallið m.a. um sögutíma, ritunartíma og varðveislu sagnanna.

b) Gerið grein fyrir þremur kenningum um uppruna sagnanna.

(12)

IV. Gerið í stuttu máli grein fyrir þessum verkum (m.a. efni og ein-kennum). Nefnið höfunda verkanna (ef þeir eru þekktir) og hvenær þau voru samin.

a) Sólarljóð: _____

b) Þorpið: _____

c) Sturlunga: _____

d) Heimsljós: _____

V. Hverjir eru höfundar eftirtalinna verka og til hvaða bókmenntastefna (eða bókmenntagreina) teljast þau?

a) Grámosinn glóir: _____

b) Ofvitinn: _____

c) Stúlka: _____

d) Tíminn og vatnið: _____

e) Piltur og stúlka: _____

(10)

VI. Gerið grein fyrir helstu viðfangsefnum íslenskra raunsæishöfunda. Nefnið þrjá höfunda og verk eftir þá.

(10)

VII. Gerið grein fyrir einkennum bókmennta sem samin eru í anda töfra-
raunsæis. Nefnið þrjú íslensk skáld og verk eftir þau.

(10)

(12)
(Alls 90 stig)

MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Stúdentspróf 2008
Þriðjudaginn 13. maí
kl. 9:00-10:30

Enska I (lesin) í 6. bekk málabrauta

Skriflegur hluti ásamt lesskilningsprófi (60%)

Nafn: _____ bekkur: _____

Engin hjálpargögn leyfileg.
(Prófið er 12 tölusettar síður)

I. (17%) Translate into Icelandic or explain in English the underlined words and phrases:

1-2 And there have been morbid miseries fostered by gloomy creeds, which have led men into profound inner discords that made all outward prosperity of no avail.

morbid _____

creeds _____

3-4 Skinner's emphasis on stimulus-response relationships and his tendency to ignore thought and subjective experience has led some observers to charge that Skinnerian psychology has "lost consciousness."

stimulus-response _____

subjective experience _____

5-6 More than 90 genes of chromosomal locations have been associated with athletic performance so far and this research is already provoking its own ethical controversies.

ethical controversies _____

7-8 We have met Keynes before when he was criticising the bill for reparations imposed on Germany.

bill for reparations _____

9-10 The unemployed in Britain could not complain that they were callously treated by their government, but they could, and did protest against the 'means test' snoopers, the people whose job it was to enquire into the 'means' of men and women who claimed assistance from the [Unemployment Assistance] Board.

callously _____

'means test' snoopers _____

11 Those books - poems and plays, histories and biographies, moral and social philosophy - were for the ancients guides to life, important in themselves, rather than subordinate to an overriding scheme that put off human happiness to the day of judgment.

subordinate _____

12 And despite its undeniable antiquity, many features of the British monarchy, which seem to date back centuries, are themselves relatively recent developments.

antiquity _____

13 The poet [Homer] is shown at the apex of a pyramid of historical figures, both ancient and modern, who have come to venerate him. He is accompanied by personifications of Iliad and Odyssey, and is being crowned with a laurel wreath by Victory.

venerate _____

14-15 He is interested in the great gamut of custom that is found in various cultures, and his object is to understand the way in which these cultures change and differentiate,...

gamut _____

differentiate _____

16-17 A long list of medical disorders seems to be associated with hiccups. By far the most common are distension of the stomach and the resulting reflux of stomach acid into the esophagus.

distension _____

esophagus _____

II (8%) mark the word that best explains the underlined words in the sentences:

1. Another example of the kind of question that might have interested Wundt is this: What are the basic irreducible tastes that are mixed together to form complex tastes as different as liver, lime, bacon or burnt-almond fudge?

- a. unapproachable b. indivisible
- c. unremarkable d. unrepeatable

2. The causes of unhappiness in the past and in the present are not difficult to ascertain.

- a. find b. prove
- c. confirm d. determine

3. We share cultural characteristics with segments of our population whose ethnic or regional origins, religious affiliations, and occupations are the same as our own.

- a. beliefs b. customs
- c. connections d. enthusiasm

4. This rite involves a practice which strikes the uninitiated stranger as revolting.
a. inconsistent b. involuntary
c. inexperienced d. unidentified
5. But I discovered that many mathematical demonstrations, which my teachers expected me to accept, were full of fallacies.
a. falsifications b. complications
c. difficulties d. misconceptions
6. One of the most distinctive contributions of the humanistic approach is Maslow's identification of the human need for self-actualization.
a. characteristic b. respected
c. important d. valued
7. All these are regarded as classic British 'traditions', yet most of them date from the closing decades of the 19th century
a. 1880-1900 b. 1900-1920
c. 1800-1820 d. 1980-2000
8. We hold these truths to be self-evident, that all men are created equal, that they are endowed by their Creator by certain unalienable rights...
a. unconditional b. irremovable
c. irreducible d. indisputable

IN TWO MINDS

Roy Porter reviews *The Myth Of Irrationality*, by John McCrone.

1. The paradox of man is that we seem to understand everything else in the universe – from pulsars to positrons – better than we understand ourselves. Why? It is because, John McCrone contends, our models of the mind are all misleading, the products of damaging and deeply entrenched prejudices. Plato pictured a ceaseless civil war raging in the human breast between base, blind appetites and noble reason. Slightly ringing the changes, Christianity also saw *homo sapiens* as a divided self. The flesh was sinful and reason was a harlot and so the just must live by faith.

2. Such misguided irrationalism was in due course hallowed by Romanticism. Disdaining the leaden-footed life of logic and championing pure feeling, Romantic poets embraced the morbid and the mad and yearned for mystical transports. And it was Freud who finally gave psycho-analytic blessing to the allure of unreason. Did not our ultimate self lie in the unconscious, in those volcanic erotic energies repressed by the neurotic straitjackets of civilisation?

3. Dismissing such dark longings, McCrone maintains they fail to provide a true science of the psyche – after all, who these days could seriously espouse Freud's bizarre interpretation of dreams as wish fulfilments?

4. What weakens all conventional readings of the self, argues *The Myth Of Irrationality* is that they're static. They present what McCrone dubs a 'horticultural model' of the personality, one that assumes that the 'seeds' of our being (for instance, the emotions), are innately present from birth, merely requiring proper watering and weeding. Such views, however, fail to account for change and diversity; and they must be replaced with more dynamic concepts of learning. Our truly human traits evolve through socialisation, through interaction with parents and peer groups and the wider cultural environment. At the negative extreme, this may lead to feral children: remove all human stimuli, and the unformed mind simply remains animalistic. At the positive, you might get a Mozart: saturate an infant with music from birth, and it's not surprising that composing becomes nature.

5. And the unique medium of this psychic education is language. Speech, we are told, is just rhetoric, actions speak louder than words, and it's the thought that counts. But, counters McCrone, drawing upon the work of the great Russian psychologist, Lev Vygotsky, it's actually the words that matter. The growth of a child's consciousness and the evolution of individuality hinge upon the capacity to master and manipulate words, and thus to express desires, drive thoughts, and give voice to our will. No words: no thoughts (or, for those born deaf, no signs, no ideas).

6. McCrone is right. Like it or not, we're talking to ourselves all the time, mostly through our 'inner voice' but often out loud, especially in times of crisis and sometimes in our sleep. Thinking aloud should be no cause for embarrassment. For it is talking to ourselves that consolidates our identity and enhances self-consciousness. And it is by inner habits of question-and-answer and similar verbal promptings – puns, for instance – that we memorise, relive, form ideas and become creative. Building on views advanced in his previous book, *The Ape That Spoke*, McCrone shows how language humanises and so casts light on to the kingdom of consciousness, from deafness to dreaming, from jokes to genius.

7. This book thus calls for the abandoning of obsolete and unscientific notions like the cold war of reason against feeling. Rather, McCrone insists, human nature is 'bifold': we comprise a certain elemental biological hardware that drives a rich cultural software articulated by inner speech. Anyone who has marvelled at the way children's personalities develop through the gift of speech – anyone who, like myself, still habitually subvocalises words (not all printable) as the fingertips pummel the keyboard – will mouth a silent assent.

8. What a pity, then, that these stimulating views tend to get submerged in a trite tirade McCrone mounts against the irrational at large. For some reason, McCrone has felt the need to deliver a sermon against the modern glorification of 'irrational individualism' –and that means everything from Existentialism to Ecstasy and Clint Eastwood, from Hemingway to Heavy Metal. All these marks of the Beast, here lumped higgledy together, are for McCrone the logical consequences of a gut addiction to the philosophies of Plato, St Paul, Pascal or Piaget or a faith in the primal scream.

9. No doubt, in these dissolute days certain people live for kicks and walk on the wild side; and all this sometimes erupts in mindless violence. But, one suspects, such developments have more to do with broken families, lost jobs and disintegrating communities than with faulty psychological allegiances. McCrone's denunciations seem as unreasonable as the irrationalism he deplors. Adopting his 'behold' theory of the psyche will not, therefore, put the world to rights; it will, however, afford fascinating insights about what makes us tick.

Circle the best answer to the questions on the reading passage

- 1 What, according to paragraph 1, does John McCrone say about our understanding of ourselves?
- A We are wrongly trying to discard the classical concept of ourselves as predominantly rational creatures.
 - B We cannot order our thoughts about ourselves as we are confused by the continuous inner strife between our two selves.
 - C We have a distorted self-image, determined by long-standing faulty philosophies.
 - D We have come to rely on scientific theories about ourselves instead of on our own intuition.
- 2 What is the connection between paragraph 1 and paragraph 2?
- A Paragraph 2 continues the line of thought of paragraph 1.
 - B Paragraph 2 questions the point made in paragraph 1.
 - C Paragraph 2 states the causes of the phenomenon described in paragraph 1.
- 3 How does Freud relate to 'Romanticism' (line 8)?
- A Both Freud and the Romantics felt that man could find fulfilment only outside civilised society.
 - B Freud demonstrated that the excesses of Romanticism stemmed from the suppression of sexual feelings.
 - C Freud sanctioned the Romantic inclination to reject the superiority of rational thinking.
 - D Freud was able to show that even Romantic thinking had very important rational aspects.
- 4 Considering Roy Porter's choice of words in paragraphs 2 and 3, which of the following can be concluded?
- A Porter approves McCrone's view of Freud.
 - B Porter implicitly criticises the way McCrone speaks of Freud.
 - C Porter thinks that McCrone's study is a valuable extension of Freud's theories.
- 5 What is the crux of McCrone's ideas in paragraph 4?
- A A child's development is determined by both internal and external factors.
 - B Any child will flourish if given proper love and care.
 - C A wide range of experiences may turn a rigid personality into a flexible one.
 - D Positive stimulation from early days will prevent a child from being corrupted by its lower instincts.

- 6 Which of the following is true of the sayings 'actions speak louder than words' and 'it's the thought that counts.' (paragraph 5)?
- A They are typical of the way present-day children are indoctrinated in the course of their education.
 - B They confirm the writer's idea that language can be very misleading.
 - C They reflect conventional wisdom but go against the importance of speech.
- 7 What does paragraph 5 focus on?
- A On what enables a child to develop psychologically.
 - B On what encourages a child to master language.
 - C On what gives a child the confidence to communicate.
 - D On what makes a child successful in later life.
- 8 What is the main point made in paragraph 6?
- A Character building is closely connected with the ability to speak up for oneself.
 - B Interior dialogue in various forms is essential to our sense of who we are and where we stand.
 - C Social interaction is of major importance to the development of our character and intelligence.
 - D The ability to speak is what distinguishes us from apes.
- 9 What is 'a pity' (line 50), according to Roy Porter?
- A McCrone does not do justice to the great philosophers of the past in his assessment of modern culture.
 - B McCrone fails to connect various cultural phenomena with each other in a logical way.
 - C McCrone gets carried away by his theory, which obscures his central argument.
 - D McCrone's theory fails to account for the revival of the irrational in this unromantic modern age.
- 10 What becomes clear about Roy Porter from lines 57-60 ('No doubt.... allegiances.')?
- A He is even more negative about the deterioration of society than McCrone
 - B He realises that McCrone's observations are correct after all.
 - C Like McCrone, he offers a simplistic analysis of contemporary society.
 - D Unlike McCrone, he attributes disturbing phenomena in society to socio-cultural factors.

IV MACBETH

1. Translate the following passages, (A and B) into Icelandic or explain them thoroughly in modern English. Identify the speaker and the occasion. (ca. 3 lines)

A 15%

He's here in double trust:
First, as I am his kinsman and his subject,
Strong both against the deed; then, as his host,
Who should against his murderer shut the door,
Not bear the knife myself. Besides, this Duncan
Hath borne his faculties so meek hath been
So clear in his great office, that his virtues
Will plead like angels, trumpet-tongued, against
The deep damnation of his taking-off;
And pity, like a naked new-born babe,
Striding the blast, or heaven's cherubin, horsed
Upon the sightless couriers of the air,
Shall blow the horrid deed in every eye,
That tears shall drown the wind. – I have no spur
To prick the sides of my intent, but only
Vaulting ambition, which o'erleaps itself
And falls on the other – .

B 10%

Thou hast it now, King, Cawdor, Glamis, all,
As the weird women promised; and I fear,
Thou playedst most foully for't; yet it was said,
It should not stand in thy posterity;
But that myself should be the root and father
Of many kings. If there come truth from them
(As upon thee, Macbeth, their speeches shine),
Why, by the verities on thee made good,
May they not be my oracles as well,
And set me up in hope? But hush, no more.

2. Write about 150 words on ONE of the following subjects:

- a. Macbeth's second encounter with the witches and its significance in the play.**
- b. How does Lady Macbeth's character develop throughout the play?**

Enska II, ólesin, í 6. bekk máladeilda**I (70%) Translate into English:**

Evrópu er lýst sem „álfu hinna öldruðu“ í skýrslu sem kynnt var á Evrópuþinginu síðastliðinn miðvikudag. Samkvæmt vefsíðu The Independent og ýmissa annarra breskra blaða inniheldur skýrslan niðurstöður könnunar sem gerð var af hugveitunni (think tank) Institute for Family Policy. Í skýrslunni segir að fæðingartíðni hafi lækkað umtalsvert á síðustu áratugum; um milljón færri börn fæddust í fyrra en árið 1980. Samfara færri fæðingum þá stofnar fólk í Evrópusambandinu fjölskyldu seinna en áður, að meðaltali 5 árum seinna en það gerði 1980, og fleiri kjósa fremur að búa einir en gifta sig.

Í skýrslunni er einnig vakin athygli á því að tíðni hjónaskilnaða heldur áfram að aukast. Á 30 sekúndna fresti fer eitt hjónaband í vaskinn, þ. e. a. s. ein milljón hjónabanda á ári. Við þetta allt bætist að fóstureyðingar eru algengari en nokkru sinni áður; nú endar ein af hverjum fimm þungunum með fóstureyðingu.

Svo stórstígar breytingar á aldursdreifingu íbúanna eins og lýst er hér að framan hafa ætíð haft mikil vandamál í för með sér. „Hver á að vinna og sjá fyrir öllum eftirlaunaþegunum?“ spyrja menn bæði í gamni og alvöru. Þó ástæðurnar fyrir þessari þróun séu afar flóknar þá er það alveg ljóst (eins og stjórnmálamennirnir segja svo gjarnan) að í nútímalífi er lítið pláss fyrir að eignast og ala upp barn.

Nútíminn, eða réttara sagt sá nútími sem gaf módernismanum nafn sitt, er reyndar sögusvið bókmenntaverkanna sem við lásum fyrir jól. Í kringum aldamótin 1900 vildu ýmsir myndlistarmenn, rithöfundar og tónskáld segja algjörlega skilið við hefðina og nálgast viðfangsefnin á fullkomlega nýjan máta. Innan enskra bókmennta misstu margir rithöfundar trúna á hlutlæga frásagnaraðferð Viktoríutímabilsins og hefðbundið raunsæi almennt. Kenningar Freuds um starfsemi hugans, einkum hins ómeðvitaða hluta hans, höfðu mikil áhrif og hið órókrétta fékk nýja merkingu. Nýjar hugmyndir í mannfræði og heimspeki vöktu athygli á mikilvægi goðsagna og tákna við að greina samtíma og fortíð. Dæmi um allt þetta sáum við í stuttum útdrætti úr *A Portrait of the Artist as a Young Man* sem er, eins og þið munið vafalaust, sjálfsævisöguleg skáldsaga eftir einn frægasta og áhrifamesta höfund 20. aldar, James Joyce.

II (30%) Write about 300 words on ONE of the following:

1. Iceland is no longer a classless society without prejudice.
2. The gem cannot be polished without friction. (Chinese proverb).
3. The Reykjavík Arts Festival is a terrible waste of taxpayers' money.
4. The most serious vice and the most important virtue a person can possess.
5. Man is the maker of his own destiny.

Ensk-ensk orðabók leyfileg.

Skilið verkefninu

STÆ6EÐL102_a

STÆ6EÐL202_a

STÆ6NÁT102_a

Stærðfræði I

í eðlisfræðideildum og náttúrufræðideild I

(6.X, 6.Y, 6.Z, 6.M, 6.S, 6.T_I)

Leyfðar reiknivélar: Casio fx 350.

Verkefnið er 90 stig.

I. Gefið er fallið $f(x) = \frac{x^4 - 2x^2 + 1}{x^3}$.

- a) (14) Teiknið graf fallsins en kannið fyrst aðfello, hallabil og útgildispunkta.
- b) (6) Finnið beygjuskilapunkta fyrir fallið f .
- c) (10) Reiknið flatarmál þess skika sem afmarkast af ferli fallsins, aðfelli þess og línunni $x = 3$.


- II. 1. (10) Í ferhyrningnum ABCD er, $\angle A = \angle C = 60^\circ$, $|AB| = 2$, $|BD| = \sqrt{39}$ og BC er tveimur einingum lengri en CD. Reiknið $|AD|$ og $|CD|$.

2. (10) Leysið jöfnuna: $\ln^2(x) - \frac{1}{3}\ln^3(x) + \frac{1}{9}\ln^4(x) - \frac{1}{27}\ln^5(x) + \dots = 12$.

3. (10) Á myndinni sjást ferlar fallanna $f(x) = x^3$ og $g(x) = \frac{1}{2}(x-5)^2$. Punktarnir

B og C eru á ferlum f og g en A og D eru ofanvörp þeirra á x -ás þar sem $|AD| = 3$.

Finnið hnit punktsins $A = (x, 0)$, $0 < x < 2$, þannig að flatarmál trapisunnar ABCD verði sem minnst.



- III. 1. Leysið ójöfnurnar:

a) (10) $\frac{\cos(2x)}{\cos(x)} \geq 1$,

b) (8) $\left| \frac{1}{2^x} - 2 \right| < 1$.

2. Í þorpinu á Ystunöf standa kvenfélagið og bræðrafélagið fyrir vorhátíð. Í stjórn kvenfélagsins eru 7 konur og er Þórhildur formaður. Í stjórn bræðrafélagsins eru 5 karlar og er Ögmundur formaður.

- a) (5) Stjórnirnar hittast og funda við hringlaga borð. Á hve marga vegu geta fundarmenn raðast við borðið ef Þórhildur og Ögmundur sitja ekki hlið við hlið?
- b) (7) Í lok fundar skal skipa 5 manna nefnd úr hópi fundarmanna til nánari undirbúnings. Á hve marga vegu má gera það ef velja skal a.m.k. tvo úr hvorri stjórn og a.m.k. einn formann?

Stærðfræði II í eðlisfræðideild I (6.X)**Leyfilegar reiknivélar: Casio fx 350.**

Verkefnið er 90 stig.

- I. 1. a) (4) Á borðtennismóti eru 8 keppendur þeirra á meðal Anna og Björn. Keppt er á fjórum borðum og keppa 2 við hvert borð og eru þeir valdir saman með hlutkesti. Hvaða líkur eru á því að Anna keppi við Björn?
b) (6) Í ljós kemur að Anna keppir við Björn. Anna er betri spilarí en Björn og eru 30% líkur á að Björn vinni lotu. Hvað er líklegast að Björn vinni margar lotur ef þau spila 14 lotur?

2. (10) Finnið varpmengi fallsins $f(x) = \frac{x^2 + x - 1}{e^x}$.

3. (10) Leysið jöfnuna $e^{3z} + e^{2z} + 2e^z - 4 = 0$ í mengi tvinntalna.

- II. 1. (10) Finnið þá lausn á diffurjöfnunni $y' + \frac{y}{x \ln(x)} = \frac{1}{x}$ að $y(e^{-1}) = 1$ og tiltakið síðan formengi lausnarinnar.

2. (10) Finnið þá lausn á diffurjöfnunni $x^2 y'' - xy' + y = 4x^3$, $x > 0$, að línan $y = 6x - 4$ sé snertill við lausnina í $x = 1$.

3. (10) Tiltekinn er flötur α sem liggur um punktana $A(4,0,0)$, $B(0,6,0)$ og $C(0,0,2)$ og lína l sem liggur um punktana $P(1,2,3)$ og $Q(4,-2,5)$. Reiknið hnit skurðpunkts l og α og hvassa hornið milli l og α .

- III. 1. (10) Gefinn er sporbaugur $25x^2 - 50x + 169y^2 + 1352y = 1496$. Finnið hálfása og miðju sporbaugsins og jöfnu snertils í punktinum $(13, -27/13)$.

2. (10) Finnið rúmmál snúðsins sem fæst þegar svæðinu, sem afmarkast af fleygbogunum $y^2 = x$ og $y^2 = 2x - 6$, er snúið um x -ás.

3. (10) Gefið er fylkið $A = \begin{bmatrix} 1 & s & s^2 \\ 1 & t & t^2 \\ 1 & u & u^2 \end{bmatrix}$ þar sem $s, t, u \in \mathbf{R}$. Sýnið að A sé and-

hverfanlegt þá og því aðeins að engar tvær talnanna s , t og u séu jafnar.

Stærðfræði II í eðlisfræðideild II (6.Y og 6.Z)

Leyfilegar reiknivélar: Casio fx350

(Verkefnið er 90 stig.)

I. Reiknið eftirfarandi tegur:

a) (10) $\int \frac{\cos^3(x)}{\sqrt{1+\sin(x)}} dx$

b) (10) $\int_0^1 x^5 \ln(x^3 + 1) dx$

c) (10) $\int \frac{5x+21}{(x-1)(x^2+4x+8)} dx$.

II. 1. (10) Finnið þá lausn á diffurjöfnunni $y'' - 2y' + y = 4e^{3x}$ að línan $y = 6x + 2$ sé snertill við lausnina í $x = 0$.

2. (10) Finnið þá lausn á diffurjöfnunni $y' + \frac{y}{x \ln(x)} = \frac{1}{x}$ að $y(e^{-1}) = 1$ og tiltakið síðan formengi lausnarinnar.

3. (10) Leysið jöfnuna $e^{3z} + e^{2z} + 2e^z - 4 = 0$ í mengi tvinntalna.

III. 1. (10) Finnið varpmengi fallsins $f(x) = \frac{x^2 + x - 1}{e^x}$.

2. (10) Tiltekin er slétta α sem liggur um punktana A(4,0,0), B(0,6,0) og C(0,0,2) og lína m sem liggur um punktana P(1,2,3) og Q(4,-2,5). Reiknið hnit skurðpunkts línunnar m og sléttunnar α og hvassa hornið milli m og α .

3. (10) Notið Gauss-Jordan-eyðingu til þess að leysa eftirfarandi jöfnuhneppi:

$$x + y + 2z + 3w = 5$$

$$2y + z + 2w = 5$$

$$2x + y - 2w = 4$$

$$3x + y + 2z + w = 7.$$

STÆRÐFRÆÐI II

í náttúrufræðideild I (6.M, 6.S, 6.T)

Leyfilegar reiknivélar: Casio fx 350.
(Verkefnið er 90 stig)

I. Reiknið tegrin:

$$1.(10) \int \frac{5x+21}{(x-1)(x^2+4x+8)} dx, \quad 2.(10) \int \frac{\cos^3(x)}{\sqrt{1+\sin(x)}} dx, \quad 3.(10) \int_0^1 x^5 \ln(x^3+1) dx.$$

II. 1.(10) Finnið þá lausn y á diffurjöfnunni $y'' - 2y' + y = 4e^{3x}$ að línan $y = 6x + 2$ sé snertill við lausnina í $x = 0$.

2.(10) Finnið þá lausn á diffurjöfnunni $y' + \frac{y}{x \ln(x)} = \frac{1}{x}$ að $y(e^{-1}) = 1$ og tiltakið síðan formengi lausnarinnar.

3.(10) Finnið varpmengi fallsins $f(x) = \frac{x^2 + x - 1}{e^x}$.

III. 1.(10) Gefin er á stikaformi línan $m: \begin{pmatrix} x \\ y \end{pmatrix} = \begin{pmatrix} 1 \\ 3 \end{pmatrix} + t \begin{pmatrix} 1 \\ -2 \end{pmatrix}$ og punktur $P = (6, 2)$. Punkturinn Q er ofanvarp P á m . Finnið jöfnu hrings sem fer um P og hefur miðju í Q .

2. Á borðtennismóti eru 8 keppendur, 4 stúlkur og 4 piltar, þeirra á meðal eru Anna og Björn. Keppt er á fjórum borðum og keppa 2 við hvert borð og eru þeir valdir saman með hlutkesti.

i)(4) Hvaða líkur eru á því að a.m.k. tvær af stúlkunum veljist saman?

ii)(4) Hvaða líkur eru á því að Anna keppi við Björn?

iii)(6) Í ljós kemur að Anna keppir við Björn. Anna er betri spilari en Björn og eru 30% líkur á að Björn vinni lotu. Hvað er líklegast að Björn vinni margar lotur ef þau spila 14 lotur?

3.(6) Í eldspýtnastokki eru 50 eldspýtur. Af þeim eru 24 gallalausar, nákvæmlega 4 bæði brotnar og án brennisteins en aðrar eldspýtur annað hvort brotnar eða án brennisteins. Valin er eldspýta af handahófi úr stokknum. Gefnir eru atburðirnir

A: Eldspýtan er án brennisteins


B: Eldspýtan er brotin

Hversu margar eldspýtur í stokknum eru óbrottnar en án brennisteins ef gefið er að atburðirnar A og B eru óháðir?

Stærðfræði III í eðlisfræðideild I (6.X)

Leyfðar reiknivélar: Casio fx 350.

- 1-10. Sannið: Ef f er samfelld fall á lokuðu og takmörkuðu bili $[a;b]$ þá eru til tölur $c,d \in [a;b]$ þannig að $f(c) = \sup f$ og $f(d) = \inf f$.
- 11-15. Setjið fram og sannið regluna um breiðbogaföllin \cosh og \sinh sem svarar til grundvallareglu hornafalla.
- 16-20. Sannið að $\lim_{n \rightarrow \infty} \frac{a^n}{n!} = 0$ fyrir sérhvert $a \in \mathbf{R}$.
- 21-30. Gerum ráð fyrir að fall f hafi samfellda $(n+1)$. afleiðu í grennd I við x_0 fyrir tiltekið $n \in \mathbf{Z}_+$ og að $f'(x_0) = f''(x_0) = \dots = f^{(n)}(x_0) = 0$. Sannið: Ef $(n+1)$ er slétt tala og $f^{(n+1)}(x_0) < 0$ þá hefur f hágildi í x_0 .
- 31-40. Gerum ráð fyrir að $a_k, b_k \in \mathbf{R}_+$ fyrir öll $k \in \mathbf{Z}_+$, að markgildið $A = \lim_{k \rightarrow \infty} \frac{a_k}{b_k}$ sé til og að $A > 0$. Sannið: Röðin $\sum_{k=1}^{\infty} a_k$ er samleitinn þá og því aðeins að röðin $\sum_{k=1}^{\infty} b_k$ sé samleitinn.
- 41-50. Sýnið að $\int_0^1 e^{x^3} dx = \sum_{k=0}^n \frac{1}{(3k+1)k!} + \varepsilon$ þar sem $0 < \varepsilon < \frac{3}{(3n+4)(n+1)!}$, $n \in \mathbf{Z}_+$.
- 51-60. Reiknið: $\lim_{x \rightarrow 0^+} \frac{108 \arctan\left(\frac{\sqrt{x}}{3}\right) - 72 \arctan\left(\frac{\sqrt{x}}{2}\right)}{\sin(x) \ln(1 + \sqrt{x})}$.
- 61-80. Reiknið tegrin: a) $\int_{-\pi/2}^{\pi/2} \frac{dx}{8 \cos(x) + \sin(x) + 7}$ b) $\int_{\sqrt{2}}^{\infty} \frac{dx}{x \sqrt{x^2 - 1}}$.
- 81-90. Fyrir hvaða $a \in \mathbf{R}$ er tegrið $\int_0^{\infty} \left(\frac{x^a}{x^2 + 1} - \frac{x^a}{x^2 + 2} \right) dx$ samleitnið?
- 91-100. Kannið samleitni raðanna: a) $\sum_{k=1}^{\infty} \left(\sqrt[3]{1 + \frac{1}{k}} - \sqrt[3]{1 - \frac{1}{k}} \right)$ b) $\sum_{k=1}^{\infty} \frac{k^{k+1}}{(2k+1)^k}$.



Menntaskólinn í Reykjavík

Stúdentspróf 2008
Þriðjudaginn 6. maí
kl. 9 - 12

STÆGNÁT201

Stærðfræði
í
6. bekk náttúrufræðideildar II
(T2, R)


Nafn: _____ **Bekkur:** _____

Leyfilegar reiknivélar: Casio fx-350

Verkefnið er á 6 tölusettum síðum.
Notið bakhlið blaðsins á undan ef rými þrýtur.

1. (15%) Gefið er fallið $f(x) = \frac{x^2 + 2x - 4}{x + 4}$.

- a) (3%) Finnið skurðpunkta fallsins við ása hnitakerfisins.
- b) (2%) Finnið aðfellur fallsins.
- c) (5%) Gerið grein fyrir hallabilum fallsins og útgildum þess.
- d) (5%) Teiknið fallið og aðfellur þess í meðfylgjandi hnitakerfi og gerið grein fyrir varpmengi þess.



2. (18%) Reiknið tegrin og skilið nákvæmri niðurstöðu.

a) (7%) $\int_0^{\pi} x^2 \sin(3x) dx$

b) (4%) $\int_{\pi/6}^{\pi/2} \frac{\cos(x)}{\sin^3(x)} dx$

c) (7%) $\int_3^5 \frac{3x}{x^2 + 2x - 8} dx$

3. (8%) Í þríhyrningi $\triangle ABC$ er hornið $\angle B = 43^\circ$, hliðin $c = 7$ og hliðin $b = 8$. Finnið hliðina a , hin hornin, flatarmál þríhyrningsins, lengd geisla umritaðs hrings þríhyrningsins og geisla innritaðs hrings.

4. (7%) Leysið jöfnuna: $2\sin^3(x) - 3\sin^2(x) - 3\sin(x) + 2 = 0$.

5. (9%) Gefið er punkturinn $P(4,6)$ og línun $m: x + 2y = 4$.

a) (6%) Finnið ofanvarp punktsins P á línuna m .

b) (3%) Finnið fjarlægð punktsins P frá línunni m .

6. (10%) Í kvótaröð er summa 6. og 9. liðar 1 og summa 9. og 12. liðar er $\frac{1}{8}$. Finnið fyrsta lið raðarinnar, kvóta hennar og summu.

7. (8%) MR genetic Inc. er að einrækta mergfrumur úr beinmerg. Með núverandi aðferðum tekst ræktunin í tíunda hvert skipti þannig að í 66 tilraunum tekst að minnsta kosti ein ræktun með 99,9% líkum. Nú býðst nýtt tæki þar sem ræktun tekst í 50% tilvika.

a) Hvað þarf fyrirtækið nú að framkvæma margar tilraunir með nýja tækinu til þess að minnsta kosti ein ræktun takist með 99,9% líkum?

b) Nú er tilraunin með nýja tækinu framkvæmd 9 sinnum. Hvaða líkur eru á að hún takist að minnsta kosti 3?

8. (8%) Línan $y = x + 1$ og graf fallsins $-x^2 + 3x + 4$ afmarka skika. Finnið flatarmál hans.

9. (7%) OPEC olíuríkin notast við einföld föll til þess að hámarka tekjur af olíusölu. Þau láta x tákna framleiðslumagn þeirra af milljón olíutunnum á dag. Þá áætla þau að söluverð á tunnu fylgi fallinu $s(x) = 170 - 2x$ og selt magn fari eftir fallinu $m(x) = x - 10$. Gerum ráð fyrir að $x \in [20; 200]$. Finnið það framleiðslumagn sem hámarkar tekjur þeirra af olíusölu.

10. (10%) Finnið þá lausn diffurjöfnunnar $y'' + y' - 20y = 2e^{3x}$ sem um gildir $y(0) = \frac{11}{4}$ og $y'(0) = \frac{13}{4}$.

SAGA601

Saga í 6. bekk.

1.-10. (10%) Undirheimar í grískri goðafræði.

11.-20. (10 %) Fjallið um siðaskiptin í Hólabiskupsdæmi.

21.-50. (2x15%) **VAL**. Fjallið um **tvö** af þremur eftirfarandi verkefnum:

- a) Sambandslögin og aðdragandi þeirra 1917-18.
- b) Tilkoma stjórnmalaflokka á Íslandi 1916-30.
- c) Kreppuárin á Íslandi.

51.-80. (2x15%) **VAL**. Fjallið um **tvö** af þremur eftirfarandi verkefnum:

- a) Karl Marx og kenningar hans.
- b) Stjórnmal í Rússlandi 1905-18.
- c) Utanríkisstefna Þjóðverja undir forystu Hitlers á árunum 1933-36.

81.-100 (5x4%). Gerið grein fyrir **fimm** af sex eftirfarandi atriðum:

- a) Frankfurtarþingið.
- b) Jón Guðmundsson ritstjóri.
- c) Fabíusarfélagið.
- d) Thor Jensen.
- e) Schlieffenáætlunin.
- f) Valtýr Guðmundsson.

Aukaspurning. Segið deili á þessu fólki:

Álfheiður Ingadóttir, Kristín Ingólfssdóttir, Stefán Eiríksson, Grétar Rafn Steinsson, Eiríkur Örn Norðdahl. – Ban Ki-moon, Nouri al-Maliki, Carla Bruni, Doris Lessing, Jens Stoltenberg.